

Breyting á deiliskipulagi fyrir sumarbústaðarlóð í landi Ormsstaða, Grímsneshreppi er varðar lóð Gilvegur 3

Dagsetning breytingar deiliskipulags 29.05.2020



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Óveruleg breyting deiliskipulags fyrir sumarbústaðalóðir í landi Ormsstaða felur í sér breytingu á byggingarskilmálum fyrir lóð Gilvegs 3. Skipulagsuppdráttur er óbreyttur. Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Grímsnes og Grafningshrepps 2008-2020

Gildandi deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir sumarbústaðaland í landi Ormsstaða, sem samanstendur af skipulagsuppdrætti og greinargerð. Skipulagsuppdrátturinn var samþykktur í hreppsnefnd Grímsneshrepps 25.11.1997 og af Skipulagsstjóra ríkisins þann 10.12.1997

Lýsing á breytingu

Breytingin tekur til greinargerðar deiliskipulags, atriða er varða byggingarefni, stærð sumarbústaða, mænishæð, þakhalla, útihús og byggingarreits.

Fyrir breytingu:

Byggingarefni: Sumarbústaðir skulu gerðir úr timbri.

Stærð sumarbústaða: Þeir skulu ekki vera stærri en 100 fm.

Mænishæð frá jörðu: Skal ekki vera meir en 5 m.

Þakhalli: Má vera á bilinu 14-60 gráður.

Útihús: Heimilt er að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús, þó ekki stærri en 10-15 fm.

Byggingarreitir: Eru sýndir á uppdrætti. Aðeins er heimilt að reisa eitt hús ásamt útihúsi innan hvers byggingarreits.

Eftir breytingu:

Sérskilmálar fyrir Gilveg 3

Byggingarefni: Sumarbústaðir og aðrar byggingar á lóðinni skulu vera úr timbri, stáli eða öðru léttu byggingarefni.

Stærð sumarbústaðs: Skal ekki vera stærri en 200 fm

Mænishæð frá jörðu: Skal ekki vera meiri en 6 m.

Þakhalli: Má vera 2 - 60 gráður.

Aðrar byggingar: Heimilt er að reisa tvö smærri hús á lóðinni. Stærð hvors húss skal ekki vera meiri en 40 fm.

Byggingarreitir: Eru sýndir á uppdrætti. Heimilt að reisa eitt sumarhúshús ásamt tveimur smærri húsum innan byggingarreits.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt

2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

frá _____ 2020 til _____ 2020

Var samþykkt í hreppsnefnd þann _____ 2020

Samþykkt breytingarinnar á skipulagsskilmálum var auglýst í

B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2020